




Reykjavík, 26. apríl 2024

Akurgerði 9– Fyrirspurn um viðbyggingu – USK240030128

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 4. apríl 2024 var lögð fram fyrirspurn Teikna-teiknistofu arkitekta, dags. 8. mars 2024, um stækkun hússins á lóðinni nr. 9 við Akurgerði, samkvæmt uppdr. Teikna-teiknistofu arkitekta, dags. 5. mars 2024. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra.



Loftmynd úr Borgarvefsjá



Tillaga að viðbyggingu

Skipulag í gildi

Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 26. nóvember 2013 og birt í B-deild stjórnartíðinda 26. febrúar 2014. Samkvæmt aðalskipulaginu er Akurgerði 9 á svæði skilgreint sem,IB 34 Gerði-austur.

Ekki er í gildi deiliskipulag né Hverfisskipulag.

Umsögn

Svæðið er að mestu fullbyggt og fastmótað. Lágrest byggð sérbýlishúsa einkennir svæðið og er yfirbragð byggðarinnar heilstætt.

Óskað er eftir 30 m² viðbyggingu og svölum yfir stóran hluta þak viðbyggingaunnar. Ekki er gerð skipulagslega athugasemd við viðbygginguna þar sem viðbygging er í botnlanga og er ekki upp við nágrennalóðir. Mikilvægt er efnisval og frágangur falli vel að byggingarstíl hússins og stuðli að heildarútliti hússins. Ef það verður sótt um byggingarleyfi þá þarf að skila inn skuggavarpi til að sjá hvernig skuggavarpíð hefur áhrif á umhverfið. Almenn er miðað við skuggavarpsútreikninga og skuggavarpsteikningar á jafndægnum og sumarsólstöðum sem sýna áhrif viðbyggingar. Ekki er tekið jákvætt í að gera hurð sem er snýr alveg að lóðarmörkum borgarinnar.

Gæta þarf að staðsetningu og stærð svalanna. Ekki verður tekið jákvætt í þaksvalirnar, heimild í deiliskipulagi þarf að liggja fyrir ef gera á þaksvalir. Ekki er gerð athugasemd við að gera svalir, svalirnar þurfa að falla vel að byggingarstíl hússins og vera að hámarki 1,6 m að dýpt.

Niðurstaða

Ekki er gerð athugasemd við að fyrirspyrjandi leggi fram byggingarleyfisumsókn á grundvelli þeirra teikninga sem fylgja fyrirspurninni að því gefnu að tekið sé tillit til ofangreindra athugasemdar. Byggingarleyfisumsókn verður grenndarkynnt berist hún. Skila þarf inn skuggavarpi með byggingarleyfisumsókn.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Valný Aðalsteinsdóttir, arkitekt og verkefnastjóri